Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 1

# VÍNBLAÐIÐ

3. tbl. 2. árg. júní / júlí 2004

VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

*Vöruskrá* *Fjölbreytta Frakkland* *Sumarkokteilar* *Tempranillo*

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 2

# EFNISYFIRLIT


FRÉTTIR 3
Viljum við vodka í matvöruverslanir?
Nýjar vínbúðir
Umhverfisskýrsla ÁTVR 2003
Vínið með grillmatnum

LIFUM, LÆRUM OG NJÓTUM 4

MOLAR ÚR ÝMSUM ÁTTUM 6

SUMARLEGIR KOKTEILAR 7

VÍNIN MEÐ GRILLINU 8

FJÖLBREYTTA FRAKKLAND 10

TEMPRANILLO 16

NÝTT Í KJARNA 17

HAGNÝTT 23

VÖRUSKRÁ 24
Rauðvín 24
Lífrænt ræktuð vín 39
Hvítvín 40
Rósavín 48
Freyðivín 48
Styrkt vín: Sérrí, Madeira, Portvín 50
Rivesaltes 51
Síder 51
Ávaxtavín 51
Kryddvín 51
Aperitíf 51
Sake 51
Cognac 52
Armagnac 52
Brandí 52
Calvados 53
Grappa 53
Viskí 53
Romm 54
Tekíla 54
Vodka 54
Gin 55
Sénever 55
Akvavit 55
Anís 55
Snafs 55
Líkjör 56
Bitter 57
Áfengt gos 57
Aðrar tegundir 58
Bjór 59

VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ 62

MÁLVERK Í VÍNBÚÐUM 82

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBÚÐA 83



**Vínblaðið**, 3.tbl. 2. árg. júní/júlí 2004
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Höskuldur Jónsson ● Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir
Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Páll Sigurðsson, Þórdís Yngvadóttir
Greinar eftir Christina Heina Liman, Pál Sigurðsson, Þorra Hringsson
Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon ● Myndir: Andreas Bennwik, Gunnar Sverrisson, Sigrún Kristjánsdóttir ● Hönnun: Fíton ehf. Umbrot: ÁTVR
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.
Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is
Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 3



## VILJUM VIÐ VODKA Í MATVÖRUVERSLANIR?

Árlega gera Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) könnun á hvar „þjóðin“ vill geta keypt létt vín og bjór. Í ár var niðurstaðan sú að 59,6% landsmanna voru fylgjandi því að vara þessi fengist í matvöruverslunum. Fólk á aldrinum 16-75 ára tók þátt í könnuninni. Í fréttabréfi SVÞ segir að sambærileg könnun hafi verið gerð nokkrum sinnum áður og niðurstaðan alltaf sú sama.

Góður skilningur er á þeirri ósk matvörukaupmanna að fá að selja létt vín í matvöruverslunum. Ótvírætt gæti það bætt hag þeirra. Hins vegar er SVÞ fullljóst að 94,3% af því magni sem ÁTVR dreifir er létt vín og bjór. Aðeins 5,7% er sterkt áfengi. Vínbúðir ÁTVR yrðu aldrei reknar til að dreifa aðeins sterku áfengi og þær myndu aldrei dreifa léttu áfengi og bjór í samkeppni við einkaaðila. Spurningin á því að fjalla um hvort selja eigi áfengi, óháð styrkleika, í almennum verslunum og leggja þar með niður vínbúðir í núverandi mynd.

Það er ekki eingöngu óraunhæf spurning sem er gagnrýni verð. Ekki síður vekur val þátttakenda í könnuninni furðu. Öllum er ljóst að lögaldur til áfengiskaupa og áfengisneyslu er 20 ár. Í fyrstu könnun SVÞ var hópur spurðra 20-75 ára. Næst var hópurinn 18-75 ára og nú er hópurinn 16-75 ára. Það geta allir getið sér til um, hvers vegna aldurshópurinn er teygður svo langt niður í aldri, að kallað er eftir áliti ósjálfráðra unglinga. Enginn utan SVÞ myndi þó telja könnun með aldurshóp 20-75 ára annars vegar og 16-75 ára hins vegar sambærilega.

Höskuldur Jónsson
Forstjóri ÁTVR

## NÝJAR VÍNBÚÐIR

Þrjár nýjar vínbúðir líta dagsins ljós í júní.

Þann 9. júní sl. var opnuð Vínbúð í Hólmavík í Kaupfélagi Steingrímsfjarðar. Búðin er 100 tegunda og verður hún opin milli 17-18 alla virka daga nema föstudaga, þá er hún opin frá 16-18.

Vínbúðin Höfn var flutt yfir í Esso-skálann á Vesturbraut 2 þann 22. júní. Hún er í flokki 200 tegunda búða sem opin er milli 11-18 mánudaga til fimmtudaga, 11-19 föstudaga og 11-14 laugardaga.

30. júní bætist 44. vínbúðin við á Kirkjubæjarklaustri. Hún verður í Skaftárskála á horni þjóðvegar eitt og Klausturvegs. Búðin er opin milli 17 og 18 mánudaga til fimmtudaga, en 16-18 á föstudögum og er í flokka 100 tegunda vínbúða.



Umhverfisskýrsla ÁTVR 2003

## UMHVERFISSKÝRSLA ÁTVR 2003

Umhverfisskýrsla ÁTVR 2003 kom út nýlega og skýrir hún frá stöðu umhverfismála hjá fyrirtækinu og tillögum að mælingum á umhverfisþáttum og úrbótum.

Gert er ráð fyrir að árlega verði gerð umhverfisskýrsla sem verður hluti af árangursmælingum fyrirtækisins.

Hægt er að nálgast skýrsluna hjá ÁTVR á Stuðlahálsi 2 og á vinbud.is.

## VÍNIÐ MEÐ GRILLMATNUM

Í vínbúðunum var júnímánuður helgaður vínum með grillmatnum. Gefinn var út bæklingur í samstarfi við birgja þar sem tæplega 100 vín sem eiga sérstaklega vel með grillmat eru kynnt og þau merkt sérstaklega í vínbúðum. Þá voru gefnar út grilluppskriftir á einblöðungum og grillsvuntur seldar.

Fleiri slíkar kynningar eru á döfinni og viðskiptavinir vínbúða verða senn varir við þær.



Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 4



# LIFUM, LÆRUM OG NJÓTUM

*Lifum, lærum og njótum* er nýtt slagorð ÁTVR sem endurspeglar þær nýju áherslur sem eru í bígerð hjá vínbúðunum. Tilgangur slagorðsins er að fanga athygli viðskiptavinarins og efla hugarflug hans og gefa þeim sameiginlega sýn á það hvert fyrirtækið stefnir.

Samkvæmt nýlegum könnunum kemur fjórðungur Íslendinga í vínbúðirnar einu sinni í viku og hefur létt vín um hönd jafn oft. Léttvínssala hefur aukist um rúm 60% á síðustu fimm árum. Við teljum því að sú vínmenning sem hefur þróast hér á landi að undanförnu hafi skapað jarðveg til þess að taka skref fram á við í þjónustu vínbúðanna þar sem viðskiptavininum verður skipað í öndvegi. Í dag viljum við líta svo á að viðskiptavinir okkar komi í vínbúðirnar af því að þá langi til þess en ekki af því þeir þurfi þess og síst af öllu að þeir skammist sín fyrir það.

En hver er meiningin með þessu slagorði? Það má skilja það á ýmsa vegu eins og það að lífið getur verið heilmikil glíma en við megum ekki gleyma að staldra við af og til og minna okkur á að nota vel þann tíma sem okkur er gefinn. Það er gott til þess að hugsa að geta notið þess sem lífið býður upp á og læra og þroskast til þess að geta lifað lífinu lifandi. Góð vín eru yndisauki sem við skulum njóta og fara vel með eins og aðrar lífsins lystisemdir.

Á sama tíma viljum við efla til muna samfélagslega ábyrgð fyrirtækisins og sýna það í verki að við styðjum við bakið á þeim málefnum sem taka á alvarlegum afleiðingum áfengisneyslu. Ákveðið hefur verið að hefja samstarf við Umferðastofu og Jafningjafræðslu og halda áfram að styðja umhverfismál. Við lítum svo á að ÁTVR beri skylda sem einkasala á vegum ríkisins að draga fram í dagsljósið hvernig áfengis er neytt á ábyrgan hátt svo að umgengni við áfengi verði öllum til ánægju - og sem fæstum til skaða.

*Hildur Petersen ávarpar gesti á Ársfundi ÁTVR á Hótel Nordica.*

## HINGAÐ ERUM VIÐ KOMIN

Það hefur svo sannarlega ekki verið nein stöðnun í gangi hjá ÁTVR á liðnum árum.

Sem dæmi um þau framfaraskref sem unnið hefur verið að eru:

- Vínbúð - er nú notað yfir verslanirnar og þar með reynt að afmá nafnið „Ríkið“.
- Vínbúðir hafa verið færðar í alfaraleið svo sem í verslunarmiðstöðvar.
- Samræmt og aðlaðandi útlit innréttinga er nú í flestum vínbúðum.
- Vínbúðum hefur fjölgað úr 23 í 44 á 10 árum, þar af hefur vínbúðum á landsbyggðinni fjölgað um 13.
- Úrval áfengistegunda í Heiðrúnu og Kringlunni eru nú 2.200.
- Afgreiðslutími lengdur, m.a. er opið til kl 18:00 í Kringlunni og í Smáralind á laugardögum.

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 5



## ÞJÓNUSTAN FÆRÐ SKREFI LENGRA

Við viljum gera viðskiptavini okkar ánægðari m.a. með því að þeim þyki gaman að versla í vínbúðunum og líti á það sem fræðandi upplifun. Við stefnum að því að byggja upp þjónustu okkar með þarfir hinna ólíku viðskiptavina okkar í huga og að þjónusta vínbúðanna byggist á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína. Fystu skref okkar til að ná þessum árangri felast í að bjóða upp á eftirfarandi nýjungar í þjónustu:

- Hafa reglulega þema í vínbúðunum. *Vínin með grillmatnum* er þriðja þemað sem kynnt er í vínbúðunum á síðastliðnu hálfu ári. Um jólin vorum við með þemað - *Vínin með jólamatnum* - og nýlega var þemað - *Salute! Ítalía*.- Í júlí verðum við svo með kynningu á frönskum vínum.

Það hefur komið greinilega í ljós að viðskiptavinir okkar kunna vel að meta alla ráðgjöf og ekki sakar þegar veittur er afsláttur af þeim vínum sem eru á kynningum.

- Námskeið og kynningar fyrir viðskiptavini stendur til að halda, t.d. í tengslum við þemakynningar.
- Gæðavín yfir ákveðinni upphæð verða gerð sýnileg á einum stað.
- Kælar fyrir bjór verða teknir í notkun innan skamms í Kringlunni og í Smáralind.
- Vínklúbbur verður stofnaður á næstunni og þá væntanlega fyrst á vefnum vinbud.is.
- Óáfeng vín verða á boðstólnum í vínbúðunum.
- Gjafapakkningar og umbúðir verða stórauknar.
- Til þæginda fyrir viðskiptavinina verða okkar helstu vínsérfræðingar merktir, þannig að hægt sé að ganga að þeim sem mesta kunnáttu hafa.
- Sérverslun verður sett upp á vefnum vinbud.is með enn meira úrvali en í Heiðrúnu og Kringlu.

Við vonumst til að öll þessi nýbreytni í þjónustu eigi eftir að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar í náinni framtíð. En við hjá ÁTVR munum leggja ríka áherslu á að vera ekki sporgöngumenn væntinga viðskiptavina okkar heldur skrefi á undan þeim.

Hinkrið við og hlakkið til, við vonum að ykkur muni líka sú þróun sem verður í þjónustu vínbúðanna á næstunni.

Hildur Petersen
Stjórnarformaður ÁTVR



Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 6

# MOLAR

## Ú R  Ý M S U M  Á T T U M

### Rauðvín - hvítvín

Hægt er að framleiða hvítvín úr grænum og dökkum vínberjum. Rauðvín aftur á móti er aðeins hægt að framleiða úr dökkum vínberjum.

Hvítvín dökkna með aldrinum - en rauðvín lýsist örlítið.

Fæst vín batna með aldrinum.

### Skrautlegir ísmolar

Það er gaman að bera fram skautlega sumar-kokteila og hægt að skreyta þá á ýmsa vegu. Ferskir ávextir, ber og skemmtilegir ísmolar eiga vel við. Hægt er að setja mintulauf eða kirsuber í ísmolabox og frysta með vatninu. Molarnir kæla þá ekki aðeins drykkina heldur bragðbæta þá með mildum og ferskum keim.

### Eitt og annað

- Lengsta kampavínskorktappaflug sem mælst hefur verið var yfir 54 metrar.

- Fleiri matarflokkar en vín eru látnir gerjast. Þar má t.d. nefna súrkál, grænt te, súkkulaði, kaffi, ost og margt fleira.

- Veislur voru haldnar með stæl í tíð Vilhjálms III Englandskonungs (1689-1702) og lét hann bjóða upp á bollu í einni veislunni. Uppskriftin samanstóð af 2130 l brandí, 600 kg sítrónum, 76 l sítrónusafa og 2,5 kg af negul. Þetta var allt saman sett í stóran gosbrunn og þjónar sigldu um í litlum bátum og skenktu gestum í glös.

- Bjór var fyrst seldur í flöskum árið 1850 og í dósum 1935.

- Það þarf að meðaltali 600 vínber í eina vínflösku.

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 7



## Sumarlegir kokteilar úr smiðju Páls Sigurðssonar

Á meðan beðið er eftir grillmatnum er ekki úr vegi að bæta við suðrænni stemmningu og hrista fram einhvern góðan kokteil.

Romm er góður drykkur til blöndunar fyrir sumardrykki og hér má sjá fáeinar uppskriftir.

Gott er að eiga kokteilhristara en enn betra er að nota rafmagnsblandara - eða töfrasprota og háa könnu.

### Blue Hawaiian

4 cl Romm
2 cl blár Curacao líkjör
8 cl ananassafi
4 cl kókosmjólk
*Setjið allt hráefnið ásamt 2-3 ísmolum í blandara og blandið vel. Hellið í long drink glas. Skreytið með ananas og kirsuberi.*
*Kokteilinn má einnig laga óáfengan með því að sleppa romminu og nota blátt Curacao síróp í staðinn fyrir líkjörinn*

### Jarðarberja Daquiri

6 cl romm
safi úr 1/2 sítrónu
1 tsk flórsykur
4 jarðarber
*Setjið allt hráefnið í blandara ásamt 2-3 ísmolum og blandið vel. Notið stórt kokteilglas eða hvítvínsglas. Berið á glasbarminn sítrónusafa með sítrónusneið og dýfið glasinu í sykur. Hellið drykknum í og skreytið með jarðarberi og sítrónumelissu.*
*Daquri má einnig búa til með banana og þá er settur banani í drykkinn í staðinn fyrir jarðarberin og breytir hann þá að sjálfsögðu um nafn og heitir Banana Daquri.*

### Óáfengt tilbrigði við jarðarberja Daquri:

6 cl ananassafi
safi úr 1 sítrónubát
1 tsk flórsykur
4 jarðarber
*Setjið allt hráefnið í blandara ásamt 2-3 ísmolum og blandið vel. Strjúkið sítrónubát eftir glasbarminum og dýfið í sykur. Hellið drykknum í og skreytið með jarðarberi.*

### Banana Cow - Bananabelja

2 cl ljóst romm
2 cl banana líkjör
2 cl rjómi
*Hristið allt vel saman og hellið í kokteilglas. Beljan er betri ef notast er við blandara.*

### Óáfeng útgáfa

2 cl banana síróp
2 cl rjómi
2 kúfaðar msk vanilluís
*Allt sett í blandara*

### Banana Daquiri - Bóndaútgáfan

6 cl ljóst romm
1 cl Countreau eða Triple Sec
2 cl sítrónusafi
2 cl sýrður rjómo
1 cl mjólk
1 tsk flórsykur
1 banani
*Setjið allt í blandara ásamt 2-3 ísmolum og blandið vel. Notið long drink glas eða rauðvínsglas. Ekki er ráðlegt að blanda fyrir fleiri en einn í einu af þessum drykk*

### Blue Hawai

4 cl romm
2 cl blár curacao líkjör
6 cl ananas líkjör
1 cl sítrónusafi
1 tsk sykur
*Hristið allt vel eða notið blandara. Hellið í long drink glas og fyllið upp með Seven up eða Sprite.*

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 8

# VÍNIN MEÐ GRILLINU

## GRILLRÁÐ

Fölskvalaus aðdáun Íslendinga á útigrilli er líklega einhver sú tærasta ást sem finna má í þessari veröld. Það kom mér því hreint ekki á óvart að heyra um daginn að útsendari ákaflega vinsællrar tegundar af útigrilli hefði gert sér sérstaka ferð til Íslands til að grennslast fyrir um það hvernig í ósköpunum stæði á því að þjóð sem ekki telur nema 300.000 hræður kaupi útigrill á hverju ári fyrir sömu upphæðir og tugmilljóna þjóðir á meginlandi Evrópu. Hann sneri víst til baka alsæll með heimsóknina, enda hafði hann aldrei áður séð útigrill á hverjum einustu svölum eins og er í úthverfum borgarinnar.

Grillmatur er vitaskuld margvíslegur og því er hægt að velja ákaflega fjölbreytt vín til að hafa með honum enda fátt sem sameinar þann flokk nema hugsanlega eldunaraðferðin. Í flestum tilfellum er maturinn ekki flókinn og því miður er hann gjarnan full mikið krydd-leginn og saltaður, sérstaklega ef hann kemur tilbúinn í lofttæmdum umbúðum stórmarkaðanna. Það er því nauðsynlegt að velja nokkuð einföld og ekki of fínleg vín sem líka eru bragðmikil svo þau ráði við grillmatinn. Hér eru uppástungur að nokkrum vínum sem ættu að geta gengið með grillmatnum.

### FISKUR

Grillaður fiskur nýtur sífellt meiri vinsælda enda er hann mun léttari en kjötið og þarfnast yfirleitt styttri eldunartíma. Einföld og ávaxtarík hvítvín ganga yfirleitt mjög vel með grilluðum fiski og má benda á t.d. sikileysk vín úr þrúgum eins og t.d. Grillo, Grecanico og Cattarato sem eru ákaflega heillandi og passa vel með nánast öllum grilluðum fiski, sérstaklega hvítum fiski og humar. Kjósi menn heldur eikaðra hvítvín er ágætt að prófa Fumé Blanc úr þrúgunni Sauvignon Blanc, t.d. frá Kaliforníu eða Suður-Afríku. Með grilluðum laxi og sjóbirtingi er létt rauðvín úr þrúgunni Pinot Noir býsna góður kostur, bæði vín frá Búrgúnd eða þá Nýja Heiminum. Eikuð rauðvín frá Spáni, t.d. Rioja Crianza, eru líka mjög góð með hverskonar bragðmiklum og feitum fiski.

### KJÚKLINGUR EÐA KALKÚNN

Með ljósu kjöti eins og kjúkling og kalkún er nánast hægt að velja hvaða vín sem er. Þó má benda á að bragðmikil hvítvín t.d. eikuð Chardonnay frá Chile og Ástralíu eru mjög góð með ljósu fuglakjöti og það sama má segja um hvítvín eins og Semillon frá Ástralíu og Viognier frá Kaliforníu. Hvítvín frá Alsace í Frakklandi eru ákaflega góð með ljósu fuglakjöti sem eldað er á austrænan hátt og þá er það sérstaklega Tokay-Pinot Gris sem er ljúffengt. Prófið einnig einföld en bragðmikil rauðvín frá Ítalíu t.d. Valpolicella Classico eða rauðvín frá Suður-Ítalíu úr þrúgum eins og Primitivo eða Negroamaro.

### SVÍNAKJÖT

Með grilluðu svínakjöti er gott að hafa bragðmikil hvítvín eins og t.d. Gewurztraminer frá Alsace í Frakklandi eða Riesling frá Ástralíu. Einnig er gott að hafa meðalþung rauðvín eins og t.d. Rioja Reserva frá Spáni eða Chianti frá Ítalíu. Merlot frá Chile eða Ástralíu er prýðilegt með svínakjöti, sérstaklega ef

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 9



meðlætið er bragðmikið og örlítið sætkennt. Það er líka gaman að smakka létt Shiraz-vín frá Ástralíu með grilluðu svínakjöti og ekki gleyma kældu rósavíni (t.d. frá Chile) ef svínakjötið er kryddlegið.

## LAMBAKJÖT

Ef lambakjötið er tiltölulega einfalt og lítið búið að fikta í því með marineringu eða einhverju ámóta eru meðalþung rauðvín líklega besti kosturinn. Ég sting upp á einföldu rauðvíni frá Bordeaux eða Chianti Classico frá Toskana á Ítalíu. Rauðvínin frá Côtes-du-Rhône eru líka góð með grilluðu lambakjöti. Áströlsk og Suður-Afrísk rauðvín úr Cabernet Sauvignon og Shiraz eru líka ákaflega góð með lambinu og eins Reserva og Gran Reserva rauðvín frá Spáni, t.d. Rioja og Ribera Del Duero. Prófið líka rauðvín frá Chateauneuf-du-Pape í Frakklandi með grilluðu lambi.

## NAUTAKJÖT

Besta á grillið eru t.d. t-beinsteikur eða sneiðar af prime-rib sem ekki hafa verið lagðar í kryddlög því þannig nýtur kjötbragðið sín til fullnustu. Með slíkri grillsteik eru bragðmikil og þung rauðvín býsna góð, t.d. úr Shiraz-þrúgunni frá Barossa í Ástralíu eða Cabernet Sauvignon frá Kaliforniu. Chianti Classico Reserva eða Vino Nobile di Montepulciano frá Toskana á Ítalíu eru ákaflega góð með grilluðu nautakjöti og það sama má segja um flest stærri og dýrari rauðvín úr Cabernet Sauvignon, Carménere frá Chile og Malbec frá Argentínu.

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 10

# FJÖLBREYTTA FRAKKLAND

ÞORRI HRINGSSON

Eiginlega er alveg sama hvernig á málið er litið, Frakkland er upphaf og endir víngerðar á þessari jörð. Ekki er nóg með að allar helstu gæðaþrúgurnar séu upprunnar þar heldur eru öll helstu stílbrigði víngerðar að auki upprunnin í þessu landi. Út um allan heim reyna víngerðarmenn og -konur að líkja eftir því besta sem þar hefur orðið til við margra alda þróun.

## LANDIÐ

Frakkland er stærsta land Vestur-Evrópu og nær frá Ermasundi í norðri til Miðjarðarhafsins í suðri. Það nær frá Atlantshafinu í vestri og á landamæri að Ítalíu, Sviss, Þýskalandi, Lúxemborg og Belgíu í austri. Landslagið er ákaflega fjölbreytt og loftslagið sömuleiðis þótt Frakkland sé að stærstum hluta til kaldtemprað. Við Miðjarðarhafsströndina er þó annars konar loftslag ríkjandi en í öðrum landshlutum og einnig má segja að veðurfar í vínhéruðum í Austur- og Mið-Frakklandi beri væg einkenni meginlandsloftslags.

## SAGAN

Eins og víðast hvar annarsstaðar í Evrópu hefur ræktun vínberja verið stunduð í Frakklandi frá ómunatíð en í sögulegu ljósi eru það líklega Rómaveldi og kirkjan sem mótað hafa víngerð í Frakklandi umfram önnur öfl. Fyrir daga Rómverja höfðu Föníkar og Grikkir siglt vítt og breitt um Miðjarðarhafið og stofnsett nýlendur meðfram ströndum þess, m.a. Marseille, og að sjálfsögðu stunduðu þessar þjóðir víngerð. Það var þó ekki fyrr en Rómaveldi lagði undir sig Gallíu og héruðin sem í dag nefnast Bordeaux, Búrgúnd og Rhône (og auðvitað öll hin) að drög voru lögð að víngerð eins og við þekkjum hana í dag. Eftir að veldi Rómverja leið undir lok í álfunni sá kirkjan til þess að víngerð legðist ekki af og viðhélt þeirri eftirspurn og þekkingu sem aflað hafði verið. Því fer þó fjarri að vínin sem þá voru gerð hafi verið eitthvað í líkingu við þau sem við þekkjum núna en engu að síður er greinilegt að vínbændur hafa í þá daga verið framsýnir í meira lagi því í grundvallaratriðum hafa landamerki bestu héraðanna tekið litlum breytingum í aldanna rás.

## ÞRÚGURNAR

Cabernet Sauvignon, Chardonnay, Pinot Noir, Merlot, Syrah, Sauvignon Blanc, Malbec, Semillon, Pinot Gris, Viognier, Cabernet Franc og Pinot Blanc. Kannast einhverjir lesendur við þessar þrúgur? Að sjálfsögðu. Þær koma auðvitað allar frá Frakklandi og hafa síðan breiðst út um allan heim og eru ræktaðar jafnt í

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 11

# FJÖLBREYTTA FRAKKLAND

Argentínu sem Ástralíu. Ekkert land í veröldinni getur státað af jafn fjölbreytilegum, upprunalegum gæðaþrúgum og Frakkland og þar hafa bændur ræktað þessar þrúgur kynslóð fram af kynslóð og aflað sér ómetanlegrar þekkingar á staðbundnum eiginleikum þeirra. En hvort sem forskot franskra vínbænda er fólgið þessu eða því að loftslag og jarðvegur Frakklands sé að einhverju leyti betur til þess fallinn að yrkja víngarða skal ósagt látið. Fáir bera þó á móti því að þegar vel tekst til að gera vín í Frakklandi eru þau líklega stórkostlegustu vín sem hægt er að finna hér á jörðinni.

## ÁRGANGAR

Óvíða skipta árgangar meira máli en í Frakklandi. Loftslagið er kaldtemprað og því getur brugðið til beggja vona með hitastig, sólskinsstundir og úrkomu. Frönsk vín verða sjaldan mjög alkóhólrík og innihalda yfirleitt ekki mikið af ógerjuðum sykri nema helst uppskera afar sólríkra og heitra ára. Atur á móti eru þau gjarnan þurr og sýrurík með rismikla byggingu og hafa fínleika sem útilokað er að finna í heitari víngerðarlöndum þar sem loftslag er stöðugra. Þótt árgangar skipti nú á dögum minna máli en þeir gerðu fyrir hálfri öld ber Frakkland iðulega á góma þegar rætt er um sérstaka árganga, kosti þeirra og galla.

## SVÆÐIN

Eins og áður sagði er Frakkland víðlent og ákaflega margbreytilegt og því eru vínin einnig ákaflega fjölbreytt. Vínrækt er stunduð nánast allsstaðar í landinu að Bretagne-skaganum og hæstu fjallstindum undanskildum. Á Montmartre-hæðinni í miðri Parísarborg er m.a.s. vínrækt og sumstaðar er vínrækt á meira en 70% þess lands sem ræktanlegt er. Ekki má þó gleyma því að Frakkland er stórt og tiltölulega dreifbýlt og þar er landbúnaður ákaflega fjölbreyttur. Enda eru Frakkar þekktir fyrir margskonar landbúnaðarvörur fyrir utan vín, s.s. osta, grænmeti, ávexti, kjöt og korn.

Lesendum til glöggvunar er ágætt að fara í stutta ferð um vínræktarhéruðin frá norðri til suðurs svo menn átti sig á þeirri ótrúlegu grósku og fjölbreytileika sem einkennir Frakkland.

## CHAMPAGNE

Champagne er nyrsta gæðavínsvæðið í Frakklandi. Þar eru framleidd freyðivín sem kennd eru við héraðið og kallast upp á íslensku kampavín. Þau eru gerð með því að koma af stað seinni gerjun í flöskunni og er sú aðferð fyrirmynd annara freyðivína sem gerð eru út um allan heim. Aðferðin er bæði flókin og tíma- og plássfrek og því eru kampavín aldrei neitt sérstaklega ódýr. Eftirspurnin er þó næg enda er fátt skemmtilegra en að skála í kampavíni við hátíðleg tækifæri. Þrjár tegundir af þrúgum eru aðallega notaðar við gerð kampavína; Chardonnay, Pinot Noir og Pinot Meunier.

## ALSACE

Í Alsace gætir þýskra áhrifa enda liggur héraðið að Rínarfljótinu og íbúar tala þýskuskotna mállýsku. Þrátt fyrir að vera nokkuð norðarlega er þessi hluti af Frakklandi einn sá þurrasti og sólríkasti og þótt oft vori seint þá eru haustin jafnan löng og heit. Í Alsace eru nánast eingöngu gerð hvítvín sem eru þekkt fyrir að vera ilmrík, þurr og bragðmikil og ganga vel með bragðmiklum og nokkuð þungum mat, bæði kjöti og fiski. Helstu þrúgurnar eru Riesling, Pinot Gris, Gewurztraminer, Muscat, Silvaner og Pinot Blanc. Þarna eru einnig gerð ákaflega góð sætvín sem ýmist kallast Vendanges Tardives (sein uppskera) eða Selection des Grains Nobles (úrval af eðalþrúgum). Vín frá bestu svæðunum bera jafnan skilgreininguna Grand Cru (stóryrki).

## BOURGOGNE

Heitir á íslensku Búrgúnd og talið er að þjóðflokkur frá Borgundarhólmi í Eystrasalti hafi sest þar að á 4. öld og borið nafnið með sér. Þar eru gerð bæði hvít, rauð og freyðandi vín og sum þeirra eru einhver eftirsóttustu vín heims. Nyrsti hlutinn heitir Chablis og þar eru gerð ákaflega glæsileg og jarðbundin hvítvín úr Chardonnay-þrúgunni. Miðhlutinn er líklega þekktasti hluti svæðisins og skiptist í Côte des Nuits og Côte du Beaune og saman kallast þau Côte d'Or eða Gullströndin, enda eru mörg vín þaðan jafnvirði þyngdar sinnar í gulli. Þar eru gerð bæði hvít og rauð vín og eru þau flest kennd við þorpin og víngarðana sem þau koma frá, t.d. Beaune, Pommard, Montrachet og Vosne-Romané. Bestu vínin kallast Premier Cru (fyrsta yrki) og Grand Cru (stóryrki). Hvítvínin eru að langstærstum hluta gerð úr Chardonnay og rauðvínin úr Pinot Noir.

Sunnan við Gullströndina eru nokkuð stór svæði sem kallast Côte Chalonnais og Mâcon og þar eru gerð hvít og rauð vín úr sömu þrúgum þótt þau þyki sjaldnast eins glæsileg. Þekktast er líklega vínið Pouilly-Fuissé sem kennt er við samnefnt þorp.

Næst þegar þið smakkið Chardonnay-vín frá Ástralíu, Suður-Afríku eða Chile skuluð þið minnast þess að víngerðarmennirnir eru að reyna að líkja eftir hinum stórkostlegu Búrgúndarvínum sem fáir deila um að séu einhver bestu í heiminum.

## BEAUJOLAIS

Beaujolais telst reyndar til Búrgúndar en er töluvert sunnar og þar eru eingöngu gerð rauðvín úr þrúgu sem kallast Gamay. Þetta eru að jafnaði létt og blómleg vín sem fara vel með grófum og einföldum sveitamat en bestu vínin koma frá nokkrum þorpum sem vínin eru kennd við, s.s. Moulin-á-Vent, Fleurie, Morgon og Saint Amour. Beaujolais Nouveau er þó líklega þekktasta afurð héraðsins en það er í raun fyrsta vín haustsins og má hefja sölu á því þriðja fimmtudaginn í nóvember ár hvert. Þessi

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 12



vín eru gerjuð með ákveðinni aðferð sem gerir þau mjög ávaxtarík og tannínlítil svo nauðsynlegt er að meðhöndla þau eins og hvítvín og kæla þau niður fyrir neyslu.

## LOIRE

Fljótið Loire rennur um sveitir norðurhluta Mið-Frakklands frá Búrgúnd í austri og til Atlantshafsins í vestri og kallast á íslensku Leirufljót. Við bakka þess eru ákaflega fjölbreytt vínræktarhéruð og þrúgurnar sem notaðar eru að sama skapi mjög fjölbreyttar. Austast og innst í landinu eru þorpin Sancerre og Pouilly-Fumée. Þar eru búin til þurr og snörp hvítvín úr þrúgunni Sauvignon Blanc og eru þau fyrirmynd vína úr þessari þrúgu sem gerð eru um allan heim. Um miðhluta Leiru eru gerð hvítvín úr þrúgunni Chenin Blanc sem ýmist eru þurr eða sæt. Þessa þrúgu má, eins og flestar franskar þrúgur, finna um allan heim, t.d. í Suður-Afríku og Kaliforníu, en vínin þaðan verða sjaldnast eins ljúffeng og frá Frakklandi. Þar er einnig ræktuð rauða þrúgan Cabernet Franc og úr henni koma létt rósavín og þurr og sýrumikil rauðvín sem því miður eru lítt kunn hér á landi. Af öðrum rauðum þrúgum sem notaðar eru má nefna Gamay og Pinot Noir. Við ósa Leirufljótsins er svo svæði þar sem gerð eru snörp og skemmtileg hvítvín úr þrúgunni Muscadet og þau bestu eru þroskuð með gerbotnfallinu sem gefur þeim aukna dýpt og kallast Sur Lie.

## RHÔNE

Rónardalurinn er stórt svæði og kennt við fljótið Rhône sem rennur frá norðri til suðurs, á upptök sín í Sviss og rennur til sjávar í Miðjarðarhafið skammt frá Marseille. Eðlilega þegar um svo stórt svæði er að ræða eru vínin fjölbreytt og þrúgurnar ákaflega margar. Í grófum dráttum má skipta Rónardalnum í tvo hluta; þann nyrðri og þann syðri. Í norðurhlutanum ræður hin rauða þrúga Syrah ríkjum en þetta er sama þrúgan og Ástralir kalla Shiraz. Í Frakklandi eru vín úr þessari þrúgu jafnan þurrari og sýrumeiri en hjá andfætlingum okkar. Þekktustu svæðin eru Côte-Rôtie (bakaða ströndin) og Hermitage sem hefur stundum verið kallað karlmannlegasta vín Frakklands. Þetta eru bragðmikil og tannísk vín sem geta geymst og þroskast áratugum saman. Þaðan er hvíta þrúgan Viognier einnig upprunnin en hún er ákaflega sérstök og hefur verið að breiðast út um heiminn á síðasta áratug. Hvergi er hún þó eins mjúk og blómleg og í hlíðinni við þorpið Condrieu.

Í suðurhluta Rónardalsins er landslag töluvert ólíkt og áhrifa frá Miðjarðarhafinu gætir í ríkara mæli. Þar eru aðallega gerð rauðvín og til þess ræktaðar fjöldi þrúga en þær þekktustu eru líklega Syrah, Grenache, Mourvédre, Cinsault og Carignan auk annarra. Ekki má heldur gleyma því að Frakkar drekka mikið af rósavínum í sumarhitunum og eru þau að jafnaði gerð úr sömu þrúgum. Kunnasta svæðið er án efa Chateauneuf-du-Pape, lítið þorp sunnan við Orange og kennt við hina nýju páfahöll en á 14. öld hafði páfinn aðsetur sitt í Avignon og þurfti hirð hans að sjálfsögðu mikið magn af víni. Meðfram öllu Rónarfljótinu eru gerð vín sem kallast Côte du Rhône og geta verið úr öllum ofangreindum þrúgum og jafnvel fleirum. Þetta geta ýmist verið einföld eða flókin vín en að jafnaði eru þau betri sem kallast Côtes du Rhône Villages og kennd eru við eitt þeirra fjölmörgu þorpa sem standa við fljótið. Dæmi um slík vín eru t.d. Rasteau og Cairanne.

## BORDEAUX

Bordeaux er stærsta einstaka vínhérað Frakklands og þá um leið alls heimsins og væri Bordeaux sjálfstætt ríki væri það í 10-12 sæti yfir mestu framleiðslulöndin. Þar eru gerð allskyns vín en frægust hljóta að teljast rauðvínin frá Médoc og Libourne. Í Bordeaux eiga þrúgur eins og Cabernet Sauvignon, Merlot, Malbec og Carménere sér uppruna og til viðbótar þeim eru ræktaðar þrúgur eins og Cabernet Franc og Petit Verdot. Bordeaux er þekktast fyrir sjattóin, Chateau, en svo kallast víngerðarhúsin í Bordeaux og í beinni þýðingu mætti nefna þau hallir þótt þau séu það í fæstum tilfellum. Af einstökum sjattóum mætti nefna Latour, Mouton Rothchild, Margaux, Cheval Blanc, Ausone, Cos d'Estournel, Montrose og svo má lengi telja enda skipta víngerðarhúsin í Bordeaux þúsundum. Venjan er að skipta Bordeaux gróflega í vinstri og hægri bakka og þá eru það fljótin Garonne og Dordogne sem skipta löndum og renna svo saman við borgina Bordeaux og kallast eftir það Gironde. Á vinstri-bakkanum er heimavöllur þrúgunnar og kunnustu svæðin þar eru Cabernet Sauvignon og Médoc og Graves. Þau skiptast einnig niður í fleiri smærri svæði eins og t.d. Pauillac, St. Éstephe og Pessac Léognan. Á hægri bakkanum eru Pomerol og Saint Emilion án efa kunnustu svæðin auk fjölda annarra sem of langt væri að telja upp hér. Á þessum slóðum er mun meira um þrúgurnar Merlot og Cabernet Franc enda er bæði loftslag og jarðvegur ólíkt því sem gerist í Médoc. Á milli ánna er víðáttumikið svæði sem kallast Entre-Deux-Mers og þar er mikið ræktað af þurrum hvítvínum úr þrúgunum Sauvignon Blanc og Sémillon auk rauðra vína sem kallast þá einfaldlega Bordeaux. Bordeaux er ekki síður þekkt fyrir sætu hvítvínin frá svæðunum í kringum Sauternes en þar eru skilyrði til sætvínsgerðar óvíða betri og eðalmyglan Botritys Cinerea gjörn að setjast á hinar hvítu þrúgur sem ræktaðar eru þarna.

## LANGUEDOC-ROUSSILLON OG PROVENCE

Við Miðjarðarhafsströnd Frakklands eru víðáttumikil vínræktarhéruð og vel mætti segja að það svæði væri svar Frakklands við Nýja Heiminum. Languedoc-Roussillon er feikistórt og skiptist í mörg smærri svæði en samanlagt er framleitt meira magn af

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 13

# Vínhéruð Frakklands




VÍNBÚÐ
lifum, lærum & njótum

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 14

víni þar en víðast hvar annarsstaðar á jörðinni. Þar eru bæði gerð vín sem falla undir gæðavínsskilgreiningar og eins önnur sem teljast einfaldlega til borðvína. Skilin þar á milli ráðast venjulega af því hvaða þrúgur eru notaðar við víngerðina en ekki gæði vínsins í sjálfu sér. Mest er gert af rauðum vínum og rósavínum og til þess notaðar hefðbundnar þrúgur sem upprunnar eru við vestanvert Miðjarðarhafið og á Spáni eins og Syrah, Grenache, Cinsault, Mourvédre og Carignan en þar er einnig mikið ræktað af þrúgum sem koma frá öðrum svæðum Frakklands svo sem Cabernet Sauvignon, Chardonnay, Pinot Noir, Merlot og Sauvignon Blanc. Á þessum slóðum er löng hefð fyrir að gera styrkt vín sem kallast Vin Doux Naturels (náttúrulega sæt vín) úr þrúgum eins og Grenache og Muscat og má þar nefna Banyuls og Rivesaltes.

## ÖNNUR SVÆÐI

Eins og áður sagði gríðarlega mikil vínrækt stunduð um allt Frakkland og það væri óðs manns æði að telja öll vínin þaðan upp enda eru mörg þeirra nánast óþekkt hér á landi. Til gamans má benda á nokkur svæði sem lesendur ættu að prófa ef þeir fá tækifæri til. Uppi í Alpafjöllunum í Jura og Savoie eru gerð skemmtileg hvítvín úr margskonar þrúgum, m.a. Savignin og Roussette. Fyrir sunnan Bordeaux eru stór, ókönnuð svæði fyrir forvitna Íslendinga og þar eru gerð ákaflega mörg skemmtileg vín, t.d. hið tanníska og grófa Madiran úr þrúgunni Tannat og við Pýreneafjöllin eru gerð frábær vín, bæði rauð og hvít, úr þrúgum eins og Gros og Petit Manseng.

## FRÖNSK VÍN OG MATUR

Ekkert land í veröldinni hefur haft eins mikil áhrif á matargerð nútímamanna eins og sú franska og hvergi í heiminum er vín jafn samofið matnum og þar. Hver sýsla og hvert vínræktarhérað státa af bæði vínum og sérstökum réttum sem hvergi eru betri en einmitt þar og hafa þróast í aldanna rás með hliðsjón af hvert öðru. Í Frakklandi eru framleiddir fleiri ostar en venjulegur maður getur haft tölu á og þar er grænmeti og kyn húsdýra fjölbreyttara en hjá öðrum þjóðum. Einsleitni og stöðlun er eitur í augum Frakka og það endurspeglast í vínum þeirra og mat enda nægir varla meðalævi til að kanna þá fjársjóði til hlítar. Því eru frönsk vín að jafnaði mörgum sinnum hepplegri fylginautur með mat en hin ofsprittuðu, ofeikuðu, sultuðu og grófu Nýjaheimsvín sem venjulega valta yfir matinn sem þau eiga einmitt að styðja við.

Til að átta sig á fjölbreytninni og þeim möguleikum sem frönsk vín veita neytendum er gott að renna snöggt í gegnum vínræktarhéruðin og benda á með hverskonar mat vínin þaðan eru heppileg. Þetta er þó alltaf mjög teygjanlegt og auðvitað láta menn smekk sinn ráða, fyrst og fremst.

## CHAMPAGNE

Kampavín eru auðvitað frábær ein og sér við öll tækifæri en hafi lesendur ekki prófað að drekka kampavín með mat ættu þeir að gera það hið fyrsta. Kampavín er nefnilega hægt að drekka með öllum mat, að súkkulaði hugsanlega undanskildu. Prófið t.d. bleikt kampavín með villibráð.

## ALSACE

Hvítvínin frá Alsace eru einhverjir bestu fylginautar matar sem hægt er að finna, bæði með fiski og kjöti. Þau eru ótrúlega fjölhæf og fátt er t.d. betra með hefðbundum íslenskum jólamat en Tokay-Pinot Gris eða Riesling frá Alsace. Þau eru einnig framúrskarandi með súrsætum mat og hinni léttu og bragðmiklu matreiðslu sem kennd er við fjúsjón, eða sambræðslu. Þessi vín eru einnig sérlega góð með fjölda mjúkra osta.

## BOURGOGNE

Rauðvínin frá Búrgúnd eru einstaklega góð með nautasteik, alifuglum og léttri villibráð. Léttustu vínin eru líka feikilega góð með feitum fiski svo sem lax og túnfiski. Hvítvínin frá Búrgúnd eru eitt það besta sem hægt er að hafa með bragðmiklum fiskréttum og mjúkum ostum. Klassísk samsetning er að velja Chablis með humri og hörpudiski og hvítvínin frá Gullströndinni með laxi, feitum flatfiskum og kjúkling.

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 15

# FJÖLBREYTTA FRAKKLAND

## BEAUJOLAIS

Beaujolais er gott með svínakjöti, kjúkling, pottréttum, unnum kjötvörum, kæfum og innmat, svo sem lifur og nýrum og ekki er það síður gott með steiktum fiski. Beaujolais er líka besta rauðvínið sem hægt er að hafa með hvítmygluostum svo sem Camembert og Brie. Hvernig væri að prófa næst Beaujolais með blóðmör og lifrarpylsu?

## LOIRE

Sancerre og Pouilly-Fumé eru ákaflega góð vín með geitaosti, grænmetisréttum, mögrum fiskréttum og skelfiski. Rauðvínin frá Loire eru spennandi með margskonar mat, bæði fiski og kjöti, og má t.d. benda á kálfakjöt, svínakjöt og bragðmikla fiskrétti. Muscadet er klassískt með hvítum og léttum fiskréttum og skelfiski, t.d. krækling.

## RHÔNE

Rauðvínin frá norðurhlutanum eru frábær með nautakjöti og íslenskri villibráð og þau léttari með lambakjöti. Það sama má segja um vínin frá Chateauneuf-du-Pape en venjuleg Côtes-du-Rhône rauðvín eru góð með öllum hversdagsmat, harðari ostum, pottrétt-um, pasta, tómatkenndum sósum og öllu kjöti. Hvítvín frá Condrieu eru sérlega góð með feitum réttum, kjúkling og villisveppum. Prófið líka rósavínin frá Provence með fiskisúpu og grillmat.

## BORDEAUX

Einföld rauðvín frá Bordeaux eru góð hversdagsvín og ganga með flestum hversdagsmat en með betri rauðvínunum er gott að borða lamba- og nautakjöt, villibráð og harða osta eins og Gouda. Hvítvínin er góð með mögrum og meðalfeitum fiskréttum, bökum og ljósu kjöti. Sætu hvítvínin er stórkostleg með ávaxtabökum, gæsalifur (foie gras) og blámygluostum.

## LANGUEDOC-ROUSSILLON

Flest vínin eru frekar gróf og einföld og henta því fremur með hversdagsmat, pottréttum og pasta. Þau sem hafa flóknari og betri byggingu ganga vel með rauðu kjöti og inn á milli má finna stórkostleg vín sem jafnast á við góð rauðvín frá Bordeaux. Annars er erfiðara að alhæfa um vín frá þessum slóðum þar sem mörg þeirra líkjast vínum frá öðrum héruðum.

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 16

*Rioja einkennist af vanillubragði. En það eru ekki eiginleikar tempranilló þrúgunnar.*

*Aftur á móti elskar hún eikartunnur- og er elskuð af (næstum) öllum!*

# TEMPRANILLO

## STOLT SPÁNAR

Texti: Christina Heinä Liman. Myndskreyting: Andreas Bennwik
Lauslega þýtt: Páll Sigurðsson
Áður birt í Bolaget, nr.1. janúar 2004, Fréttablaði Systembolaget.
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð

*Hæ, þú ert glaðlegur...*

-Gracias! Ég verð aldrei súr hvað sem á gengur. Það má kannski mætti segja það minn helsta „ókost“.

*Ókost? Það hljómar undarlega ?*

- Si, það finnst mér! En ekki vínsérfræðingum. „Of lítil sýra“, segja þeir og fitja upp á nefið.

*En venjulegir vínunnendur dá þig.*

- Það er vegna þess að ég er svo mjúkur! Og þar við bætist eldheitt og órjúfanlegt samband mitt við amerísku eikina sem hefur varað alla tíð frá því er Cristóbal Colon kom heim frá las Americas með eikartunnur. Næstum nýheflað tré, fullt af vanillu! Við elskum hvort annað, como amantes!

*Hefur nafnið eitthvað með skaphita að gera? Þú virkar í góðu jafnvægi.*

- Ha, ha, af uppruna mínum mætti ráða að ég væri blóðheitur. En temp þýðir að vera snemma á ferðinni, ég verð fljótt sólbrúnn og þroskast snemma, - ekki mañjana eins og til dæmis Cabernet Sauvignon.

*En fyrst þú ert svona kátur og þægilegur í umgengni, hvernig stendur á því að þú ert ekki útbreiddari á Spáni?*

- Svo mætti halda, en í raun er ég er úti um allt en bara undir öðrum nöfnum. Ull de llebre, cencibel, tinto de toro- það er alltsaman ég, í dulargervi – eins og Zorro, comprende?

*Þá kannt þú bæði baskamál og katalónsku.*

- Í Rioja baskamál, í Penedes katalónsku. Ég skil einnig portúgölsku. Ég er dulbúinn sem tinta roriz í göfugu portvíni.

*Þú hefur jafnvel ferðast til Argentínu. Þar ættir þú að vera eins og heima hjá þér?*

- Magnífico! Svalt, þurrt og sólríkt á daginn - og allir tala spænsku!

*Er tungumálið svona mikilvægt?*

- Mucho, mér þykir gott að skilja það sem sagt er áður en ég er skorinn, marinn, gerjaður og pressaður. Allra mikilvægast er að heyra español í vínkjallaranum þegar ég ligg og þroskast í mínum elskuðu eikartunnum - til að verða stórkostlegt gran reserva.

*Og nú horfa ástralskir víngerðarmenn hungruðum augum á þig, eða svo er sagt. Gætir þú þrifist þar?*

- Si y no, Ástralarnir eru vinalegir jafnvel þó málið sé erfitt. Þeir taka vel á móti evrópskum þrúgum. En ég mun sakna stórlæti nautaatsins - „kengúrubox“ með fullri virðingu.....!

### Temparnillo í stuttu máli

**Litur:** *Ung eru vínin oft nokkuð dökk en með aldrinum verða þau ljósrauð eða tígulsteinsrauð.*

**Ilmur:** *Þar sem tempranillo er látin þroskast á amerískri eik hefur vínið oft nokkuð áberandi vanilluilm. Að auki má finna rauð ber og kryddjurtir. Í eldri vínum finnst oft leður og þurrkaðir ávextir.*

**Bragð:** *Sama og í ilmi. Bragðið er oft mjúkt, ekki sýrurík, mild, krydduð og safarík er oftast bragðtýpan fyrir tempranillo, undanskilin eru þó vín frá Ribera del Duero sem eru tannísk og kraftmikil.*

**Ræktuð:** *Ein mest ræktaða þrúga Spánar; aðallega í Rioja, Ribera del Duero og Valdepeñas. Finnst annarstaðar í Argentínu og Mexíkó en einnig í Portúgal og Ástralía er byrjuð að rækta hana.*

***Passar með**: Grilluðu og steiktu kjöti, gjarnan jurtakrydduðu eða bara sem selskapsvín.*

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 17

# NÝTT Í KJARNA

## RAUÐVÍN

*Hér eru kynntar nýjar tegundir sem komu í kjarna í maí og júní.*

### Angove's Long Row Cabernet Sauv.

Nafngiftin kemur frá hinum löngu Nanaya víngörðum Angove´s í Suður-Ástralíu. Vínið er framleitt úr 97% Cabernet Sauvignon og 3% Shiraz sem eru ræktaðar í Padthaway og Wrattonbully. Vínið hefur verið geymt á eikartunnum í 15 mánuði.

*Megineinkenni:*
Rautt. Höfugt, ferskt, mjúkt með krydduðum berjakeim.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Suður Ástralía |
| **Framleiðandi:** | Angove's Pty Ltd. |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 14% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | 16-18°C |
| **Berjategund:** | Cabernet Sauvignon |
| **Vörunúmer:** | 03034 |
| **Verð:** | 1150 |

### Familia Lucchese Nero d´Avola/Cabernet Sauvignon

Vínið kemur frá Sikileyska vínfyrirtækinu Calatrasi sem var stofnað 1980. Vínið er framleitt úr Nero d´Avola (80%) og Cabernet Sauvignon (20%) þrúgum sem eru ræktaðar á Sikiley. 15% af víninu hefur verið geymt á eikartunnum í 3 mánuði.

*Megineinkenni:*
Rautt. Höfugt og mjúkt með berjakeim.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2001 |
| **Uppruni:** | Ítalía, Sikiley |
| **Framleiðandi:** | Accademia del Sole |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 13,5% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | 16-18°C |
| **Berjategund:** | Nero d'Avola/Cabernet Sauvignon |
| **Vörunúmer:** | 03964 |
| **Verð:** | 1090 |

### Cellier Yvecourt Bordeaux

Þetta vín er framleitt úr 60% Merlot, 20% Cabernet Sauvignon og 20% Cabernet Franc þrúgum sem eru ræktaðar í Bordeaux. Vínið hefur verið geymt á ståltönkum. Þægilegt vín í alla staði og á vel við grillað eða steikt kjöt og osta.

*Megineinkenni:*
Rautt. Frekar létt, með keim af rauðum berjum og grænni papriku.

| | |
|---|---|
| **Uppruni:** | Frakkland, Bordeaux |
| **Framleiðandi:** | Cellier Yvecourt |
| **Magn og vínandi:** | 3000 ml 12% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | 16-18°C |
| **Berjategund:** | Merlot, Cabernet Sauvignon, Cabernet Franc |
| **Vörunúmer:** | 05573 |
| **Verð:** | 3490 |

### Angove´s Long Row Shiraz

Þetta vín er framleitt eingöngu úr Shiraz þrúgunni sem er ræktuð í hinum löngu Nanaya víngörðum Angove´s í Suður-Ástralíu og á ögn kaldara svæði, Limestone Coast. Vínið hefur verið geymt á eikartunnum í 12 mánuði.

*Megineinkenni:* Rautt. Kröftugt, ferskt, sýruríkt, með grösugum berjakeim

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Suður Ástralía |
| **Framleiðandi:** | Angove's |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 14% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | 16-18°C |
| **Berjategund:** | Shiraz |
| **Vörunúmer:** | 07851 |
| **Verð:** | 1150 |

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 18

## Familia Morella

Þetta vín kemur úr Sikileysku Calatrasi víngerðinni. Í Púglíu á Ítalíu ræður Calatrasi yfir 300 hekturum víngarða og þar er árlega ræktuð yfir 3000 tonn af þrúgum sem eru pressaðar eftir uppskeru og ekið með til Sikileyjar. Framleitt úr Sangiovese (55%) og Negroamaro (45%) þrúgum. Hluti vínsins hefur verið geymdur á litlum eikartunnum í 9 mánuði.
*Megineinkenni:* Dökkfjólurautt. Kröftugt og mjúkt með karamellu-, eikar- og berjakeim. Stamt eftirbragð

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Ítalía, Puglia |
| **Framleiðandi:** | Accedemia del Sole |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 14% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | 16-18°C |
| **Berjategund:** | Negromaro og Sangiovese |
| **Vörunúmer:** | 08002 |
| **Verð:** | 1090 |

## Terralis Shiraz / Malbec

Vín sem er blanda af tveimur þrúgutegundum. Frábær kostur með og án matar, verið bara viss um að félagsskapurinn sé góður! Hver þrúgutegund er látin gerjast í sitt hvoru lagi og geymd í stáltönkum. Þær vega hvor aðra upp í mjög skemmtilegu jafnvægi í angan, bragði og lit.

*Megineinkenni:* Dökkrautt. Þungt, með bökuðum ávaxtakeim. Stamt.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Argentína, Mendoza |
| **Framleiðandi:** | Trivento Bodegas y Vinedos |
| **Magn og vínandi:** | 3000 ml 12,5% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | Eftir opnun 4-6 vikur - 16-17° |
| **Berjategund:** | Syrah, Malbec |
| **Vörunúmer:** | 08201 |
| **Verð:** | 3120 |

## Ernest & Julio Gallo Sierra Valley Cabernet Sauvignon

Vín frá Gallo hafa verið feykivinsæl á Íslandi um árabil. Sierra Valley er ný lína. Þrúgurnar koma úr Central Valley í Kaliforníu en dalurinn liggur við rætur hins goðsagnakennda Sierra Nevada fjallgarðs. Þar er heitt á daginn en kólnar mjög á nóttunni. Hentar vel til að framleiða ávaxtarík og frísk-leg vín. Meðalfylling, berjaríkur ávöxtur, mild krydd.
*Megineinkenni:* Dökkrautt. Höfugt og mjúkt með sætum bökuðum ávexti og römmu eftirbragði.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Bandaríkin, Kalifornía, Central Valley |
| **Framleiðandi:** | Ernest & Julio Gallo |
| **Magn og vínandi:** | 3000 ml. 14% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | Eftir opnun 4-6 vikur – 16-18° |
| **Berjategund:** | Cabernet Sauvignon |
| **Vörunúmer:** | 05238 |
| **Verð:** | 3490 |

## Tommasi Ripasso 2001

Litur: Rúbínrauður. Ilmur: Fágaður, margslunginn og glæsilegur. Bragð: Miðlungs fylling, með góðum ávexti og krydduðum rúsínukeim. Gengur vel með t.d. lambakjöti, kálfakjöti, nautakjöti, gæs og önd. Þetta er mjög gott ostavín og þá sérstaklega með hörðum ostum. Tommasi Ripasso er þekkt undir nafninu „Baby Amarone“ vegna þess að þurrkuðum amarone þrúgunum er bætt í tunnurnar og gefa þær hið sérstæða bragð.
*Megineinkenni:* Dökkrautt. Bragðmikið, þétt og sýruríkt með grösugum og krydduðum keim.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2001 |
| **Uppruni:** | Ítalía, Veneto, Valpolicell |
| **Framleiðandi:** | Tommasi Viticoltori |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 13% |
| **Kjörtími og kjörhiti:** | 16-20°C |
| **Berjategund:** | Corvina, Rondinella og Molinara |
| **Vörunúmer:** | 04148 |
| **Verð:** | 1690 |

## Góiya Shiraz Pinotage

Valið bestu kaupin á vínum frá Suður Afríku í Decanter Top Wines 2003. Þetta er blanda af Shiraz og hinni einstöku SuðurAfríku þrúgu Pinotage. Fáguð blanda, dökkur og dimmur litur. Angar af þéttum, sætum og sólbökuðum ávexti. Í bragði er vínið ávaxtaríkt, með þroskuðum berjum og framandi kryddi. Hentar vel með pasta, pítsum, svínakjöti, lambi og sjófugli.
*Megineinkenni:*
Rautt. Höfugt með bökuðum keim.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Suður Afríka, Olifants River |
| **Framleiðandi:** | Góiya |
| **Magn og vínandi:** | 750ml, 14% |
| **Berjategund:** | Syrah |
| **Vörunúmer:** | 04817 |
| **Verð:** | 1240 |

## Arabesque Merlot

Þægilegt vín til neyslu. Flauelsmjúkt, nokkuð bragðmikið með vott af brómberjum, jafnvel rifsberjum, kryddi og örlitlum tón af kaffi. Hentar vel með grilluðu kjöti, lambi og svínakjöti, mildum pastaréttum og mjúkum ostum. Vín sem gott er að dreypa á eitt og sér eða sem fordrykkur.

*Megineinkenni:* Ljósrautt. Meðalfylling, milt með léttum jarðarberjakeim.

| | |
|---|---|
| **Uppruni:** | Frakkland Languedoc Roussillon, Oc |
| **Framleiðandi:** | Jeanjean / LCF |
| **Magn og vínandi:** | 3000 ml, 12,5% |
| **Vörunúmer:** | 04863 |
| **Verð:** | 3290 |

Vinbla i 4.qxd 24.6.2004 15:45 Page 19

# RAUÐVÍN

## Banfi Chianti D.O.C.G.

Rúbínrautt með fjólulituðum blæ, angan af íris-blómum og fjólum. Fínlegt, ferskt og flauelsmjúkt bragð. Miðlungs langt eftirbragð. Fer vel með mildum kjötréttum og mjúkum ostum.

*Megineinkenni:*
Rautt. Meðalfylling með beiskum ávaxtakeim.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
| **Uppruni:** | Ítalía, Toskana, Chianti |
| **Framleiðandi:** | Banfi S.r.l. |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 12% |
| **Berjategund:** | Sangiovese |
| **Vörunúmer:** | 05073 |
| **Verð:** | 1290 |

## Canaletto Primitivo

Vínekrur: Primitivo þrúgurnar eru valdar frá vín-ekrum nálægt Sava og Salento í suður Puglia. Canaletto Primitivo hefur djúpan, rauðan lit, með bjartri berja- og ávaxtaangan. Í bragði er vínið ríkulegt, kryddað, bragðmikið með þroskuðum ávöxtum og löngu flauelsmjúku eftirbragði. Vín í frábæru jafnvægi. Hentar vel með grilluðu svína-kjöti, kjúkling og lambi, kjötforréttum og pastarétt-um og er einnig mjög gott eitt og sér.
*Megineinkenni:* Dökkrautt. Höfugt, mjúkt með krydduðum berja og eikarkeim.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2001 |
| **Uppruni:** | Ítalía, Puglia. |
| **Framleiðandi:** | Casa Girelli S.p.a. |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 13,5% |
| **Berjategund:** | Primitivo |
| **Vörunúmer:** | 05149 |
| **Verð:** | 1240 |

## Canaletto Montepulciano

Vínekrur: Montepulciano þrúgurnar eru ræktaðar í héraðinu L´Aquilla í Abruzzo á mið-Ítalíu. Fjólurauður litur. Sérlega gott ítalskt rauðvín, fangar dásamlega angan og öflugan karakter Abruzzo svæðisins. Nokkuð mikið kryddað, t.d pipar, mjúk tannín, kirsuber í bragði og góð fylling. Ljúffengt og vel rúnnað vín með langt eftirbragð. Fer vel með grilluðu nauti og lambi, blönduðum kjötréttum og grænmeti, Carpachio og kröftugum ostum.
*Megineinkenni:* Dökkrautt. Bragðmikið, mjúkt og kryddað með sætu berjabragði. Létt stemma í endann.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2001 |
| **Uppruni:** | Ítalía Abruzzo. |
| **Framleiðandi:** | Casa Girelli S.p.a. |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 13% |
| **Berjategund:** | Montepulciano |
| **Vörunúmer:** | 05150 |
| **Verð:** | 1190 |

## Banfi Centine

Rúbínrautt að lit með fjörlegum blæ, í angan er Centine ákaft, líflegt og kryddað. Toskana karakter Sangiovese fer frábærlega með Cabernet Sauvignon og Merlot blöndu. Aðgengilegt og mjúkt í bragði, þægilegt drykkjarvín sem hentar vel með nautakjöti, mildri villibráð, lambi og mjúkum ostum.

*Megineinkenni:* Dökkrautt. Bragðmikið, ferskt með bökuðum ávexti og þéttum eikarkeim. Létt tannín.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 1997 |
| **Uppruni:** | Ítalía, Toskana |
| **Framleiðandi:** | Banfi S.r.l. |
| **Magn og vínandi:** | 750 ml 12,5% |
| **Berjategund:** | Montepulciano |
| **Vörunúmer:** | 08013 |
| **Verð:** | 1290 |

## Arabesque Merlot

Þægilegt vín til neyslu. Flauelsmjúkt, nokkuð bragðmikið með vott af brómberjum, jafnvel rifs-berjum, kryddi og örlitlum tón af kaffi.
Hentar vel með grilluðu kjöti, lambi og svínakjöti, mildum pastaréttum og mjúkum ostum. Vín sem gott er að dreypa á eitt og sér eða nota sem fordrykk

*Megineinkenni:*
Rautt. Meðalfylling. Keimur af rauðum ávöxtum, nokkuð stamt.

| | |
|---|---|
| **Árgangur:** | 2002 |
